


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	Fatasaumur FAT103 Kennsluáætlun haustönn 2011	
Síða 1 af 1		

Kennari: Sólveig Þóra Jónsdóttir sthj@vma.is **Sk.stöfun** **SÓL**
Viðtalstími: Miðvikudagur 11:25 - 12:05

Áfangalýsing:

Lögð er áhersla á vinnu með tilbúin snið og grunnsnið. Kennt að taka mál og framkvæma einfaldar sniðbreytingar og sniðútfærslur á grunnsniðum út frá eigin hugmyndum. Kennt að leggja snið á efni og merkja fyrir saumföllum. Nemendur læra á saumavél, sauma prufur og einfaldar flíkur. Lögð er megináhersla á að nemendur læri að fylgja verkinu eftir frá hugmynd að fullunni verki og temji sér sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Kennslumarkmið:

Að námi loknu á nemandi að geta ákvarðað rétta sniðstærð eftir líkamsmálum, notfært sér tískublöð og tilbúin snið, lagt snið á efni, sniðið og saumað einfalda flík. Jafnframt á nemandi að hafa vald á möguleikum saumavélar, tólum og tækjum sem nauðsynleg eru við saumaskap og geta unnið eftir leiðbeiningum og vinnuteikningum.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Vinnubók	6 prufur ásamt verklýsingum í möppu	15%
Flíkur	Þjár flíkur. Buxur 25% pils 25% frjálst verk. 15%	65%
Ástundun	Vinna í tímum, kennari fylgist með vinnubrögðum	15%
Mæting		5%

Nemandi skilar öllum flíkum og vinnubók í lok annar. Verk sem ekki eru sótt á prófsýnidag eru geymd í eitt ár en síðan er þeim fargað.

Vika	Vinnuáætlun	Verkefni
34	Kynning á tækjum og tólum sem tengjast fatagerð. Kennt að taka mál. Tískublöð skoðuð og lært að lesa úr máltöflum.	Prufa einfaldur utanávasi
35-36	Snið tekið upp úr blaði, kennt að leggja snið á efni, merkja fyrir saumföllum og sníða. Byrjað að sauma buxur.	Prufur: Vasi í saum, hliðarvasi og hnappagöt.
37-38	Buxur saumaðar og kláraðar í viku 38	Prufa: Rennilás í buxur.
39-40	Byrjað á annari flík, Nemandi lærir að teikna grunn af pils í ¼ útfærir eigin hugmynd í rétta stærð. Farið verður lítilsháttar í hugmyndavinnu og tiskuteiknun.	
41	Pils saumað í léreft mátað á gínu. Breytingar skráðar ef einhverjar.	
42-43	Pils sniðið og saumað í efni og fullklárað	
44-45	Flík þrjú frjálst val. Snið tekið upp úr blaði eða gömlu breytt í nýtt	Prufa: Hálsnál og handvegur á ermalausum kjól
46-47	Flík þrjú saumuð og fullkláruð.	
48	Frágangur. Nemendur stilla upp verkefnum sínum/gestum boðið að skoða.	

Námsgögn: Saumahandbók og tiskublöð í eigu skólans. Ljósrit af verklýsingum fyrir prufur.
Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils